

Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar
í 7. bekk

2013–2014



Skáld keppninnar
Erla (Guðfinna Þorsteinsdóttir)
og Þorgrímur Þráinsson

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2014

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk vorið 2014.

Búningur sögunnar eftir Þorgrím Þráinsson er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Sum ljóðin eftir Erlu eru styttn.

Efni kversins

Inngangur — leiðbeiningar	4
<i>Um val á lesköflum</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð	6
Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni Ertu Guð, afi? eftir Þorgrím Þráinsson.....	7
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>7</i>
Önnur umferð: Ljóð eftir Erlu	27
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>27</i>

Inngangur — leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2014. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Ertu Guð, afi?* eftir Þorgrím Þráinsson. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáiast í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	1–5 og 16–18
9 lesarar	1–5, 9–10 og 17–18
10 lesarar	1–5, 9–10 og 16–18 eða 1–8 og 17–18
11 lesarar	1–8 og 16–18
12 lesarar	1–5, 11–15 og 17–18 eða 1–10 og 17–18
13 lesarar	1–5, 11–18 eða 1–10 og 16–18
14 lesarar	1–5, 9–15 og 17–18
15 lesarar	1–8, 11–15 og 17–18 eða 1–5 og 9–18
16 lesarar	1–8 og 11–18
17 lesarar	1–15 og 17–18
18 lesarar	1–18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir loka-hátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Erlu (Guðfinnu Þorsteinsdóttur). Þeir skulu velja eitt af þeim tíu ljóðum sem prentuð eru í þessu hefti. Gott er að val nemenda dreifist á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Gott er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Þorgríms Þráinssonar, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Erlu eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftur og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð:

Svipmyndir úr skáldsögunni *Ertu Guð, afi?* eftir Þorgrím Þráinsson

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru tvö: Þorgrímur Þráinsson og Erla, sem var skáldanafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur.

Þorgrímur Þráinsson fæddist í Reykjavík árið 1960 og tók stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1980. Þá lagði hann stund á frönsku við Sorbonne-háskólann í París og heim-speki við Háskóla Íslands. Þorgrímur er einn vinsælasti höfundur barna- og unglingabóka á Íslandi og hefur unnið ötullega að því að efla bóklestur og bókmenntaáhuga ungmenna. Hann hefur alla tíð lesið úr bókum sínum og haldið erindi fyrir þúsundir skólabarna. Síðastliðin þrjú ár hefur hann heimsótt nær alla grunnskóla landsins og haldið fyrirlestra fyrir nemendur í 10. bekk undir yfirskriftinni *Láttu drauminn rætast*. Til marks um vinsældir Þorgríms má nefna að á fimm mínútna fresti, allt árið um kring, er bók eftir Þorgrím fengin að láni á bókasafni.

Hann hefur margsinnis hlotið verðlaun fyrir bækur sínar og árið 2010 fékk hann Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir bókina *Ertu Guð, afi?* sem er hlý og skemmtileg saga þar sem Þorgrímur leiðir lesendur sína á ný mið í fylgd heillandi persóna sem eru í senn djúpvitrar og gamansamar.

Við heyrum nú lesna kafla úr bókinni en aðalpersónan Emma Soffía er ellefu ára og býr í Vesturbæ Reykjavíkur. Hún á pabba sem er alltaf úti á sjó og afa sinn hefur hún aldrei séð fyrr en hann birtist á tröppunum með hundinn Tarzan og eftir það verður ekkert eins og áður.

Góða skemmtun!

1.

Mér krossbrá þegar leigubíllinn stoppaði í innkeyrslunni. Og ég mun aldrei gleyma því þegar afi Afríka stóð fyrir utan húsið okkar með hvíta, fallega hundinn sinn.

– Loksins, loksins, loksins, sagði hann og kyssti mig á báðar kinnar. Þú ert miklu fallegri en á myndum. Ertu alveg viss um að þú sért Emma Soffía?

– Já, sagði ég á innsoginu.

– Þú ert svei mér stór. Og kjóllinn flottur.

– Velkominn til Íslands, afi Afríka. Ég er búin að bíða eftir þér í ellefu ár. Og pabbi líka.

– Ertu ellefu ára, Emma stóra? Ég hélt að þú værir þrettán.

– Hvað heitir hundurinn?

– Tarzan, sagði afi og klóraði honum á bak við eyrun.

– En flott nafn. Hvað er hann gamall?

– Einu ári eldri en þú.

– Vá, tólf. Beið hann eftir þér á Akureyri á meðan þú varst í Afríku?

– Nei, elskan mín. Við gætum ekki verið án hvor annars svo lengi. Hann kom til Íslands fyrir mánuði. Þurfti að vera í sóttkví?

– Hvað er sóttkví?

– Það er einangrun, sagði afi, til að ganga úr skugga um að Tarzan bæri ekki með sér sjúkdóma til landsins.

Afi heilsaði mömmu alvarlegur í bragði en samt sá ég á honum að hann langaði til að stríða henni. Augnaráðið var glettið. Hún tók í höndina á honum en starði ísköldum augum á hundinn.

2.

– Hvað er þetta?

– Þetta er Tarzan, sagði ég og strauk honum um höfuðið.

– Fer hann úr hárum? spurði mamma eftir langa og vandræðalega þögn. Afi hafði fengið sér sæti á ferðatöskunni og starði út í loftið eins og hann væri að bíða eftir járnbrautarlest. Tarzan glápti á mömmu með stóru, brúnu augunum sínum. Afi klappaði hundinum lengi áður en hann svaraði.

– Tarzan fer úr hárum tvisvar á ári, sagði hann hátt og snjallt. Eftir nokkrar sekúndur hvíslaði hann eins og hann væri að tala við sjálfan sig. Sex mánuði í hvort skipti. Sem betur fer heyrði mamma það ekki.

Mér þótti afi fyndinn og ég fann á mér að við yrðum góðir vinir.

Herbergið þitt er í kjallaranum og hundurinn fer bara inn og út bakdyramegin, sagði mamma. Ef ég finn eitt hár í húsinu flytjið þið út. Á stundinni. Eitt hár. Líka ef dýrið skítur í garðinum.

– Kærar þakkir, sagði afi hátt og snjallt og brosti blíðlega.

Pabbi hafði tekið til í stóra herberginu í kjallaranum fyrir afa. Hann keypti breitt og traust rúm með passlega mjúkri dýnu, skáp, skrifborð og náttborð handa gamla mannum. Niðri var klósettið hans afa og langur gangur. Þar var líka þvottahúsið og geymslan.

Ég fylgdi afa Afríku niður. Mig langaði að tala við hann lengi, lengi en hann sagðist þurfa að fá sér krú.

3.

Það var lambalæri í kvöldmatinn. Mamma sagði mér að bjóða afa Afríku upp til okkar. Ég bankaði laust.

Enginn svaraði. Ég bankaði fastar. Ekkert svar. Ég kíkti í gegnum skráargatið og sá hann sitja á stól með hendurnar á lærunum. Lófarnir sneru upp. Ég vissi ekki að hann gæti sofið sitjandi. Hann hlaut að hafa lært það í Afríku. Ég opnaði varlega. Tarzan lá við hliðina á stólnum með lokuð augun. Afi var beinn í baki en samt snerti hann ekki stólbakið. Skrýtið að geta sofið svona þráðbeinn.

– Afi.

Sá var þreyttur eftir ferðalagið. Ég læddist alveg upp að honum og varð hrædd þegar ég sá að afi andaði alls ekki. Hárin í nefinu hreyfðust ekki. Sá var snöggur að drepast. Hann var líka eldgamall.

Samt var hann svo unglægur í framan. Kannski af því að hann er glaður maður. Hann mátti ekki deyja með leyndarmálið sitt. Ég potaði í öxlina á honum. Tarzan virtist líka hættur að anda.

– Afi, sagði ég hátt og snjallt en samt óörugg. Í hvaða símanúmer hringir maður eiginlega þegar maður finnur einhvern dauðan? Ég ætlaði að hlaupa til mömmu þegar afi hrökk við eins og gamli Willis-jeppinn hans pabba sem fer allt í einu í gang með hávaða og látum.

4.

– Ég hélt að þú værir dauður, sagði ég og horfði reiðilega í augun hans. Hann strauk lærin, nuddaði lófnum saman, andaði nokkrum sinnum djúpt og strauk síðan kröftuglega yfir andlitið.

– Ég ætla nú ekki að deyja fyrr en ég er búinn að segja þér leyndarmálið, sagði afi og brosti um leið og hann stóð upp. Er lambalærið tilbúið?

– Hvernig vissirðu að það væri lambalæri í matinn?

– Afar vita svoleiðis.

– Nú?

– Já, er ekki örugglega brún sósa, sulta og bakaðar kartöflur?

– Veistu allt eða hvað?

– Týndist þú í alvörunni í tvo daga þegar þú varst krakki? Ég spurði alveg óvart. Pabbi var búinn að banna mér að spyrja afa Afríku út í leyndarmálið. En ég hafði hugsað um þetta leyndarmál alla ævi þannig að ég gat ekki haldið spurningunni lengur inni í mér. Ég var næstum komin með hausverk. Afi lagði hnífapörin frá sér og leit alvarlegur á mig.

– Ég ætlaði ekki að spyrja, afi. Fyrirgefðu, sagði ég afsakandi. Stundum stjórna ég því ekki hvað munnurinn segir.

Ég sá í augunum hans að hann var að lesa hugsanir mínar. Það var örugglega mjög auðvelt. Mig langaði að spyrja hvort hann væri með störu en ég beit í tunguna.

5.

– Leyndarmálið, segirðu, sagði afi og kinkaði kolli nokkrum sinnum. Ég var að vona að hann yrði glaður en hann leit út eins og hann væri að rifja upp það sem hafði gerst fyrir langalöngu. Svipur hans breyttist.

– Sagði Sæþór þér eitthvað meira?

– Ekki baun, svaraði ég strax. Tíu puttar upp til Guðs.

Og allar tærnar.

Afi rannsakaði augun mín aftur. Hann hlaut að sjá sannleikann. Hann stakk gafflinum í lítinn kartöflubita og renndi honum fram og til baka í brúnu sósunni áður en kartaflan hvarf upp í hann. Ég vonaði að hann myndi ekki tryggja 77 sinnum.

– Já, Emma Soffía, sagði afi Afríka alvarlegur án þess að hafa kyngt. Ég hvarf í tvo daga en meira get ég ekki sagt í bili.

– Hvert fórstu?

– Ég fór ekki neitt.

– En þú týndist, er það ekki?

– Jú, mér skilst það, svaraði afi Afríka.

– Ef þú fórst ekkert, hvernig gastu þá verið týndur?

– Ég hvarf úr rúminu mínu og mér var skilað aftur í rúmið tveimur dögum seinna. Hann þagði um stund. Mér fannst ég aldrei fara neitt.

Ég starði á afa og trúi honum ekki. Samt hlaut hann að segja satt. Ekki lýgur hann að elsku barnabarninu sínu sem hann var að sjá í fyrsta skipti á ævinni. Afar ljúga ekki þótt þeir plati örugglega stundum.

6.

Minn eini sanni laugardagur leið áfram eins og í draumi. Eftir ískalt fótabað í sjónum fórum við í Landakotskirkju og sátum þar í marga klukkutíma. Pabbi sagði reyndar að við hefðum bara verið þar í hálf tíma. Við kveiktum á kertum fyrir þá sem við vissum að áttu bág en pabbi hafði kennt mér það fyrir langalöngu. Og við sendum fallegar hugsanir til þeirra um leið og við tendruðum ljós. Ég bjóst við að sjá Guð í kirkjunni en hann var greinilega upptekinn eins og alltaf.

Eftir að hafa sent góða strauma fór pabbi með okkur á lítið krúttlegt kaffihús á Skólavörðustíg þar sem við fengum kleinu og heitt súkkulaði með rjóma. Pabbi og afi töluðu um sjómennsku og Afríku og stjórnsmál og fleira en ég sat við gluggann og gleymdi mér. Lífið var svo dásamlegt. Allt í einu mundi ég eftir samanbrotna blaðinu með spurningunum í rassvasanum. Ég boraði hendinni í vasann.

– Ertu Guð, afi? spurði ég og leit ákveðin á afa þegar þeir fengu sér báðir sopa á sama tíma.

Afa Afríku brá ekki þótt hann fengi svona furðulega spurningu. Hann brosti, leit á mig og síðan pabba.

- Við erum öll Guð, Emma Soffía.
- Hvernig þá?
- Þegar þú ert góð ertu Guð en þegar þú ert óþekk ...
- Er ég skrattinn, greip ég fram í fyrir honum.

7.

– Nei, þú ert aldrei skrattinn. Þú ert bara skemmtilegur krakki. Afi fékk sér kakósopa og hélt svo áfram. Heldurðu að lífið væri ekki litlaust ef allir krakkar væru alltaf Guð og endalaust þrúð og stillt? Það yrði alltof auðvelt fyrir mömmur og pabba og þau myndu ekki læra neitt.

Pabbi hló.

– Lífið á að vera krefjandi, hélt afi áfram. Þannig þroskumst við mest.

– Þú talar alltaf við mig eins og ég sé fullorðin, afi? Samt er ég bara stelpa.

– Hvernig viltu láta tala við þig?

– Eins og þú gerir.

– Af hverju ertu þá að kvarta?

– Ég er ekki að kvarta, ég bara ... Ég vissi ekki alveg hvað ég ætlaði að segja. Pabbi horfði á mig. Hann var svo fallegur.

– Sumir tala alltaf við mig eins og ég sé smábarn, gefa mér bara nammi og klappa á hausinn á mér.

– Nammi getur nú verið gott, sagði pabbi eins og hann væri að reyna að koma í veg fyrir að ég nefndi einhver nöfn í þessu samhengi.

Þennan eftirminnilega laugardag fórum við á listasöfn og afi spurði mig alls kyns spurninga þegar við horfðum á málverkin. Allt í einu fannst mér spennandi að skoða listaverk. Stundum sáum við pabbi og afi Afríka ólíka hluti í sömu myndinni.

8.

– Það er guðdómlegast við myndlistina, sagði afi, hver og einn túlkar verkið á sinn hátt.

– Hvenær ætlarðu að mála þína mynd? spurði pabbi og hnippti í afa.

– Bráðlega.

– Ætlar þú að mála mynd? spurði ég forvitin. Afi leit á mig eins og hann væri í vafa um hvort hann ætti að svara.

– Ég hef verið með mynd í huganum í sjötíu ár. Og hét því að ljúka við hana í þessu lífi.

– Í þessu lífi? sagði ég með enn eina spurninguna í augunum. Hvernig mynd er það?

– Af englinum, sagði pabbi en greip strax fyrir munninn.

– Úps, fyrirgefðu, bætti hann við og leit skömmustulegur á afa. Hann gretti sig.

– Hvaða engli? spurði ég forvitin og leit á þá til skiptis.

– Englinum sem ég sá þegar ég var sjö ára.

– Hefurðu séð engil, afi Afríka?

– Já.

– Tíu puttar upp til guðs?

Afi lyfti báðum höndum.

– En þú heppinn, sagði ég öfundsjúk. Var hann með vængi?

Afi kinkaði kalli. Þú átt eftir að sjá engil, sagði hann og ég sá á demantsaugunum að hann meinti það sem hann sagði.

– Hvenær afi, hvenær?

– Fyrr en þig grunar.

– Er það leyndarmálið?

– Það gæti verið.

9.

– Hvað varstu að meina þegar þú sagðir að þú losnaðir við líkamann og færir í ferðalag?

Afi Afríka leit á pabba eins og hann skammaðist sín fyrir að hafa verið að rugla í mér. Kannski var þetta leyndarmál sem pabbi mátti ekki vita um. Samt gat það ekki verið.

– Emma Soffía, sagði afi ákveðinn og beygði sig í hnjánum svo augun okkar væru í sömu hæð.

– Þetta kallast hugleiðsla og ...

– Ég hef oft heyrt um hugleiðslu og jóga og svoleiðis, sagði ég stolt.

– Ég útskýri þetta allt betur fyrir þér þegar rétta augnablikið rennur upp, sagði afi blíðlega og leit á pabba sem fylgdist með samtalinu af áhuga. Afi Afríka hélt áfram.

– Þegar ég hef degið andann mjög djúpt nokkrum sinnum, lengst ofan í kviðinn, missi ég smám saman tilfinningu fyrir líkamanum og verð eiginlega andi inni í sjálfum mér.

Ég leit á pabba því ég vissi ekki alveg hvernig ég átti að bregðast við.

– Andi? sagði ég til að segja eitthvað. Ég ætlaði ekki að gretta mig en ég fann að andlitið krumpaðist. Fyndið.

– Já, þá er ég andi eða sál og get farið í ferðalag út úr líkamanum en þetta er mun auðveldara þegar ...

– Hvernig ferðalag? greip ég fram í fyrir afa.

10.

– Bíddu, Emma Soffía, leyfðu mér að klára. Ég trúi því að þegar við gerum góðverk þá söfnum við ljósi í hjartað, sagði hann og hvíldi sig í smástund eins og hann vildi ekki gefa upp of miklar upplýsingar í einu.

Ég var löngu tilbúin til að heyra allt sem hann hafði að segja.

– Þegar við höfum hjálpað öðrum ár eftir ár, jafnvel áratugum saman, án þess að ætlast til þess að fá nokkuð til baka þá erum við komin með svo fallegt og skært ljós í hjartað að við getum farið í spennandi ferðalag með því að loka augunum og draga djúpt andann. Sumir kalla það hugleiðslu, aðrir kyrrðarstund, enn aðrir jóga, en satt að segja er þetta víst bara það að fá að vera einn með sjálfum sér.

Mig langaði að segja eitthvað en ég var kjaftstopp, eins og mamma segir stundum. Ég vildi ekki kíkja í gulu stílabókina til að finna fleiri spurningar. Afi þurfti ekki neinar spurningar.

– Þegar við höfum náð þeim þroska að kunna að anda rétt, borða eingöngu hollan mat og vera alltaf góð við aðra, Emma Soffía, þá gerast fjölbreytt kraftaverk og lífið breytist. Ferðalagið hingað inn skiptir mestu máli, sagði afi og bankaði laust í bringuna á sér. Hér inni eru mestu gersemarnar. Ekki úti í hinum stóra heimi. Við verðum bara að nálgast þær. En sumir gera aldrei tilraun til þess.

11.

Strákarnir á Landakotstúni steinhættu að spila þegar þeir sáu okkur fjögur koma arkandi í áttina til sín: mig, pabba, afa Afríku og Tarzan. Strákarnir litu hver á annan og hlógu þegar við nálguðumst. Ég var í æfingafötum og takkaskóm. Pabbi í gömlu fótboltaskónum sínum og götöttum gallabuxum en afi í eldgömlum strigaskóm og slitnum íþróttafötum af pabba.

– Eigum við að taka leik? spurði pabbi kotroskinn þegar hann sá hæðnisglottið á fótboltagaurunum. Tveir þeirra voru með mér í bekk. Þeir störfðu á nýja boltann minn.

– Ég veit nú ekki hvort við þorum í ykkur, söng í einum um leið og hann leit á vini sína. Er þetta Hólavallagata United? spurði sá sami. Eða kannski Rusl City?

– Hættið þessum stælum, sagði ég eins og sannur fyrirlíði. Við skorum á ykkur með nýja boltanum mínum. Við fjögur á móti ykkur sex. Og Tarzan er í marki.

– Samþykkt af því þið eruð með nýja HM-boltann. Hann er geðveikur.

Ég brosti rogginn.

– Ég er langbesti fótboltaskipstjóri á Íslandi, sagði pabbi glettinn.

– Og ég er skástur í Afríku, sagði afi og horfði ákveðinn á strákana. Alla vega í aldurshópnum 75 ára og eldri.

– Og ég er langbest og langskemmtilegust á Hólavalla-götunni, sagði ég að lokum. Tarzan er sá eini sem getur ekki rassgat.

12.

Pótt gaurarnir væru sex á móti okkur fjórum var leikurinn jafn frá fyrstu mínútu til hinnar síðustu.

Afi hreyfði sig ekkert rosalega mikið en samt kunni hann ýmislegt fyrir sér. Sérstaklega þegar hann setti rassinn út í loftið og enginn náði boltanum af honum. Pabbi var á við fjóra leikmenn, talaði fyrir okkur öll og hljóp út um allt. Hann spilaði eiginlega með öllum líkamanum. Í þau fáu skipti sem einhver strákanna komst fram hjá honum blasti Tarzan við, yfirleitt með opinn kjaftinn og urrandi. Hann kunni alveg að koma strákunum úr jafnvægi.

Þegar leikurinn var alveg að verða búinn var staðan eitt eitt.

Ég hafði skorað með þrumufleyg lengst utan af landi, eins og ég sagði við strákana, en þeir jöfnuðu með hallærislegu grísamarki. Á síðustu sekúndunum braut pabbi alveg óvart mjög gróflega á strák sem var að sleppa í gegn og dæmdi víti á sjálfan sig. Ég þoldi ekki að tapa og sagði við pabba að hann væri lélegur dómari. Allir strákarnir stilltu sér upp rétt fyrir aftan Sigga sem ætlaði að taka vítið, líka markmaðurinn, enda voru þeir sannfærðir um að Siggi myndi skora.

Siggi hljóp af stað og þrumaði í boltann. Fyrir einhverja hundaheppni skaut hann beint í ennið á Tarzan sem fór nánast kollhnís í loftinu.

13.

Boltinn þaut síðan yfir spenntan mannskapinn og skoppaði til mín áður en aðrir höfðu rænu á að hreyfa sig.

Ekkert okkar hafði áður séð markmann verja víti með enninu, hvað þá hund sem var ekki í markmanns-hönskum. Siggi greip fyrir andlitið, hinir strákarnir horfðu gapandi hissa á eftir boltanum og ég gerði bara það sama og allir frábærir fótoltamenn gera: tók boltann niður með ristinni, lagði hann fyrir mig og rúllaði honum í autt markið. Ég þurfti ekki að sóla neinn. Tvö eitt sigur fyrir okkur. Ég hljóp sigurhring. Ein.

Strákarnir ætluðu ekki að vilja þakka okkur fyrir leikinn en afi sagði að allir yrðu að kunna að tapa. Annars væri ekki hægt að gleðjast yfir góðum sigri seinna. Ég sagði þabba aldrei frá því að Siggi fékk fljótlega gælunafnið Siggi hundur í skólanum eftir að allir höfðu frétt að Tarzan hefði varið frá honum víti. Honum þótti það sjálfum fyndið.

Mér brá þegar tveir bekkjarbræður mínir spurðu mig í skólanum hvort afi minn væri góði maðurinn í hverfinu.

- Hvaða góði maður? spurði ég undrandi.
- Maðurinn sem hjálpar öllum í hverfinu og ...
- Um hvað eruð þið að tala?
- Nú afa þinn, Guðfinn, sagði Óli. Gamli gaurinn sem spilaði við okkur fótolta á Landakotstúninu. Þekkirðu ekki afa þinn eða hvað?

14.

Ég var alveg ringluð.

– Af hverju er hann kallaður góði maðurinn?

– Mamma sagði mér það, sagði Siggi hundur. Hann gengur um hverfið á daginn með hundinn sem varði vítið frá mér og hjálpar fólki.

Ég veit að afi er góður en hvernig hjálpar hann fólki?

– Mamma segir að hann fari út í búð fyrir gamla konu nokkrum sinnum í viku. Hann fer í göngutúr með blinda stelpu sem býr rétt við höfnina, svo er hann bara góður við alla, segir mamma. Líka rónana. Hann segir að þeir geti jafnvel verið englar þótt þeir séu oftast fullir. Er afi þinn eitthvað klikkaður?

– Afi hefur aldrei sagt mér þetta. Ég varð þínu leið og hugsanirnar þvældust hver fyrir annarri. Mér fannst ég eiga skilið að vita svona hluti um afa minn á undan öðrum í bekknum.

– Skrýtið, sagði Óli og yppti öxlum, samt er hann góði maðurinn sem allir tala um.

Ég fór beint heim til afa eftir skólann. Tarzan tók á móti mér niðri.

– Afi, þekkir þú góða manninn í hverfinu?

Afi leit ekki á mig en tungan í honum var hálf út úr munninum af því hann var að einbeita sér.

– Ég vona að það séu margir góðir menn í hverfinu. Og út um allt land.

– Strákarnir í bekknum mínum segja að hann sé alveg eins og þú.

15.

Ég þagnaði smástund.

– Áttu tvíburabróður? Tungan hvarf upp í afa Afríku og hann hló.

– Ekki mér vitanlega.

– Strákarnir sögðu að þú værir góði maðurinn og alltaf að hjálpa fólki.

– Nú.

– Er það satt?

– Ég er nú ekki beint að hjálpa neinum, bara gera það sem mér þykir skemmtilegt.

– Ertu að safna ljósi í hjartað?

– Ég vil helst safna ljósi í hjartað á hverjum einasta degi.

– Ferðu þá í ferðalag alla daga?

– Næstum alla.

– Af hverju hefurðu aldrei sagt mér þetta?

– Maður stærir sig ekki af góðverkum.

– Stærir sig?

– Já, grobbar sig. Montar sig.

– En eiga ekki allir að vita ef maður er góður?

– Nei, Emma Soffía, maður gerir góðverk í kyrrþey.

Ég sagði ekkert af því ég þurfti að hugsa um það sem afi sagði.

– Þú lifir frábæru lífi, afi, sagði ég eftir dágóða umhugsun og pikkaði í hann af því hann var svo upptekinn.

– Ég á það líka skilið, svaraði hann án þess að líta á mig. Guð er góður við þá sem eru góðir.

– Er ég góð?

– Þú, Emma Soffía? sagði afi og leit á mig eins og ég get ímyndað mér að Guð myndi horfa á mig.

– Þú ert engill, stelpa. Algjör engill.

16.

Ég þori varla að segja frá því en ég njósnaði einu sinni um afa. Samt held ég að hann hafi vitað af mér allan tímann. Gamli menn eru ekki kjánar. Mig langaði svo að vita hvort það væri rétt hjá strákunum í bekknum að afi væri góði maðurinn í hverfinu. Ég skrúpaði í skólanum þegar mamma fór í fótsnyrtingu klukkan átta. Ég hringdi reyndar og sagði ráð og veikluleg að ég væri að drepast í hálsinum.

Afi fór oftast aftur út klukkan níu. Ég læddist á eftir honum. Hann fór út í Pétursbúð fyrir gamla konu og keypti mat fyrir hana í einn hvítan poka. Hann dinglaði bjöllu í ókunnugu húsi og skömmu síðar leiddi hann blinda stelpu niður að höfn. Þar sátu þau á bryggjupolla og hlustuðu á mávana garga og vélarhljóð bátanna sem komu og fóru. Afi rölti líka um miðbæinn en reyndi að fela það að hann laumaði peningaseðlum í lófann á fullum körlum. Afi var ótrúlegur. Hann heilsaði fullt af fólki með því að lyfta hattinum örlítið. Hann spjallaði við suma. Ég fylgdist með honum stinga sér inn í bakarí, koma út með brúnt brauð, arka niður að tjörn og gefa öndunum. Á heimleiðinni rölti hann að leikskólanum við enda Tjarnarinnar og þegar börnin urðu hans vör klifruðu þau upp á grindverkið til að komast sem næst honum.

– Afi, kölluðu sum þeirra og andlitin breyttust í skínandi sólar.

– Segðu okkur aftur söguna um græna skrímslið.

17.

- Emma Soffía, sagði afi frekar hátíðlega.
- Eins og þú veist týndist ég í tvo daga sem barn.

Pabbi þinn hefur án efa sýnt þér blaðaúrklippurnar. Það var gerð dauðaleit að mér en fólk var ráðprota. Ég hvarf úr rúminu og mér var skilað þangað tveimur dögum síðar. Þrátt fyrir ítarlega rannsókn fundust engar vísbendingar um hvað hafði gerst. Ég var þögull sem gröfin. Mig langaði ekki að segja neitt og ég þóttist ekkert muna.

- Má bjóða þér vatn?

Ég starði á afa. Ég var svo dáleidd að ég áttaði mig ekki á því að spurningin var ekki hluti af frásögninni

- Má bjóða þér vatn, Emma Soffía?

- Ha, já, sagði ég á innsoginu. Afi stóð upp en kom aftur að vörmu spori. Ég leit á Tarzan. Hann leit líka á mig. Traustur vinur. Hann þekkti leyndarmálið pottþétt.

- Hvert var ég kominn? spurði afi þegar hann settist.

- Þú sagðir að þú hefðir líklega farið aðra leið í lífinu ef þú hefðir ekki týnst.

- Alveg rétt, sagði hann og fékk sér vatnssopa. Fólk hélt að ég hefði gengið í svefni og dottið í sjóinn og alls kyns getgátur fóru af stað. Guð má vita hvaða sögur gengu manna á milli.

- Hvert fórstu? spurði ég áköf þegar afi tók sér málhvöld. Hann var ekkert að flýta sér.

18.

– Ljósverurnar komu til mín og sögðust vilja sýna mér svolítið. Ég hef aldrei séð aðra eins fegurð og birtu. Auðvitað hélt ég að mig væri að dreyma og allt ferðalagið var eins og draumur. Það var ekki fyrr en mamma birtist grátandi við rúmið mitt að ég áttaði mig á því að þetta var raunveruleiki. Hún spurði mig hvar ég hefði verið. Ég þóttist ekki hafa hugmynd um hvað hún væri að tala.

– En af hverju varstu tekinn?

– Ég hef ekki hugmynd um það. Líklega var ég bara heppinn. En í himnaríki var mér kennt að anda rétt, lifa rétt og safna ljósi í hjartað. Mér var líka sagt að það væru englar á meðal okkar, úti um allt. Margir englanna lifa venjulegu lífi eins og við.

– Eru þeir ósýnilegir?

– Eflaust einhverjir.

– Ert þú engill, afi? Afi brosti sínu dularfulla brosi.

– Ekki mér vitanlega en ég hef notið lífsins. Ég hef gripið öll spennandi tækifæri. Ég hef gert fjölda mistaka og lært af þeim og ég hef reynt að hjálpa sem flestum. Hversu margir heldurðu að séu að leita að hamingjunni með því að flýja sjálfa sig og halda að hamingjan felist í því að eignast einskis nýta hluti? Mesti þroskinn er að skora sjálfan sig á hólmi, beisla sig og sigrast á sjálfum sér, sitja í þögninni og upplifa. Upplifa augnablikið sem kemur aldrei aftur. Njóta náttúrunnar.

Önnur umferð: Ljóð eftir Erlu

Inngangur kynnis

Guðfinna Þorsteinsdóttir, eða Erla, fæddist á Skjögrastöðum í Skógum á Fljótsdalshéraði 26. júní árið 1891. Hún var elst átta systkina en vegna fátæktar urðu foreldrar hennar að koma börnum sínum í fóstur til vandalausra. Þegar Guðfinna var átta ára gömul var henni komið fyrir í Krossavík í Vopnafirði og þar var hún fram yfir tvítugt.

Guðfinna byrjaði snemma að yrkja og fyrstu ljóð hennar birtust opinberlega á þriðja áratug tuttugustu aldar undir skáldanafninu *Erla*. Hún gaf út þrjár ljóðabækur: *Héluþlóm* árið 1937, *Fífuloga* árið 1945 og barnaljóðabókina *Æfintýri dagsins* árið 1958. Á síðasta ári gaf Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir út heildarsafn verka hennar.

Guðfinna orti mikið um náttúruna, ekki síst um vorið og sólina en einnig um jurtir og dýr. Í barnaljóðunum orti hún mest um börnin sín við leik og störf í sveitinni. Æfintýri barnanna eru flest skemmtileg, eins og þegar siglt er til fjarlæggra landa í skolpfötu, en geta líka verið sorgleg þegar lítill fugl deyr.

Nemendur geta nú valið milli tíu ljóða Erlu, en þau eru:

Fyrstu vorboðarnir	Nú er skin að skýjabaki
Maðkurinn	Maríuerlan
Snjónál	Bæjarklukkan
Fanginn	Gamli tíminn
Hænsnarækt	Verðmæti lífsins

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Fyrstu vorboðarnir

Jafnskjótt þegar vorsólin vermir hérað gler
flugurnar með fögnuði finna það á sér.
Flugur skríða úr fylgsnunum og fara á kreik,
bregða þær suðandi í loftinu á leik.
Þegar þær á morgnana þöktu ljórans gler
voru þær að boða oss að vorið nærri er.
Sveima þær og suða hið sama, glaða lag:
Vorið er í vændum, það vekur flest í dag!
Veit þá litli Steini minn að vorið er nær.
Vissan um það drengnum mínum fagnaðar fær.
Suðan í loftinu gleður hans geð.
Langar hann að fljúga burtu flugunum með.
Langar hann að fljúga sem fugl út í geim
– en koma vill hann aftur að kvöldinu heim.

Nú er skin að skýjabaki

Nú er skin að skýjabaki,
skuggi okkur hjá.
Oft á næsta andartaki
urðu tjöldin blá.

Þegar fram af fjöllum lafa
fýluþrungin ský
von um skin er hollt að hafa
huga sínum í.

Litabrigði ljóss og skugga
löngum víxlast á.
Ýmist byrgir alla glugga
eða gyllir skjá.

Skýjatröfum fjöllin falda,
fölnar sólar brá.
Skinið blítt við skugga kalda
skiptist löngum á.

Þegar skýin skuggum valda
skinið hörfar frá,
fyrirbærið allra alda
ýtar mega sjá.

Maðurinn

Heimkynni maðkanna er moldin,
maðurinn heldur sig þar,
vinnur sitt hlutverk í hljóði
hann fyrir plönturnar.

Sjáðu nú hvernig hann hlykkjast
hægfara – en allt um það,
ferða er hvað ferða sinna
fer hann og mjakast úr stað.

Skertu ei fjör hans og frelsi.
Fagnaðu boðskapnum nú,
að hann er af góðum guði
gerður sem ég og þú.

Maríuerlan

Einn sólbjartan morgun í maí
ég man er í fyrsta sinn
þú komst til mín svífandi úr suðri
og settist við þakgluggann minn.
Og hæglát með hljómpýðu kvaki
þú heilsaðir til mín inn.

En síðan þú sveifst út í geiminn,
ég söknuð í hjartanu finn.
Ég þrái á kyrrlátum kvöldum
að komirðu svífandi inn.
Ég harma að hvarfstu mér sýnum
og hljóðnaði söngurinn þinn.

Nú er mér það ljósara en áður
hve einmana geng ég minn stig
því engan sem ann ég og þrái
ég á, síðan missti ég þig,
hollvin sem kemur á kvöldin
í kyrrðinni að heimsækja mig.

Snjónál

Er fann ég þig í fyrsta sinn
við fé ég gekk og pabbi minn. –
Af vörum hans ég nafn þitt nam
og nú ég minnst þín
sem ert mér bæði kunn og kær
og kjarasystir mín.

Þú lyftist hvergi hátt frá jörð;
þó hylji vetrargaddur svörð
þú geymir bæði líf og lit
um langar stundir þó
og stöngulmjúk á sterkri rót
þú stendur upp úr snjó.

Ég hef þá ósk í huga mér
að helst ég vildi líkjast þér
og rækta ljóðareitinn minn
svo risu þar upp strá
sem flest er mættu minna á þig
og marki settu ná.

Bæjarklukkan

Klukkan í turninum tifar
teljandi nótt og dag,
augnablik, stundirnar, árin
ómar hið kunna lag.
Afmargar áfanga hálfan
eitt slag.

Klukkan með ákveðnum ómi
aðvarar konur og menn.
Fljót er hún alltaf í förum,
fellur í slagið senn;
telur og tuldrar á meðan:
„Eitt enn.“

Klukkan, sem tímann telur,
tifar án hvíldar og slær.
Á það við alla tíð hlustum,
erum þó litlu nær
hvenær í hinsta sinni
hún slær. –

Hjartað í hverjum barmi
hreyfist án afláts og slær.
Sú stund, er það útgengið stöðvast,
er styttri í dag en í gær. –
Handvisst er hinsta slagið.
Hve nær?

Fanginn

Veslings fuglinn vængjum ber,
vill úr þrengslum forða sér,
fljúga í ljósið gegnum gler,
gegnþæ hindrun fyrir er.

Þröngt og lágt til loftis er hér. –
Litli bróðir, treystu mér!
Þar sem rúða opin er
út ég vildi smeygja þér. –

Ég er fangi hnepptur hér,
hugur minn við ljórans gler
vanmáttugum vængjum ber –
vanans rúða aftrar mér.

Gamli tíminn

Gamla tímann gjörla ég þekkti,
glögg svo eftir merkin ber,
eins og hann við aldamótin
uppvaxandi birtist mér.

Hann var eins og ísavetur,
átti litla hlýju til,
knúði til að veita viðnám
vetrarhörku og norðanbyl.

Kvaldi hann úr kveifum lífið,
kreisti upp þá sem hjörðu af.
Aðeins fáir upp úr stóðu,
allt var fært á hálfakaf.

Myrkrið ól í skúmaskotum
skottur, móra og lævís þý,
öfund, harka og yfirgangur
upptök höfðu og skjól í því.

Ættu snauðir einstaklingar
eitthvert skar á leyndum stað
aldrei mátti í það glitta
óðar varð að kæfa það.

Hænsnarækt

Líttu út um lága gluggann, litli stúfur minn!

Halla er að vitja um hæsnakofann sinn.

Með könnu fulla af grjónablöndu

keifar hún stillt upp hólinn.

Morgunblærinn belgir út

bláa, víða kjólinn.

Á skjannahvíta skýluna hennar

skín úr austri sólin.

„Púdda, púdda, pút!“

Hriktir nú í hurðinni og hæsnin tínast út:

Mýsla, Gulla, Megða, Rjúpa,

Mósa, Kría, Dimma, Lúpa,

Ríla, Skoppa,

Díla, Doppa,

Dúfa, Bringa, Húfa,

Tinna, Toppa, Skúfa,

Álka, Fjóla,

Netta, Njóla,

Nefja, Súla,

Bára, Kúla,

Fluga, Pína, Padda,

Penta, Gára, Hadda,

Kola, Mjóna, Kráka, Tía,

Ketta, Lukka, Títla, Vía,

Léttfætt, Maðra, Lotta,

Lýska, Næpa, Rotta.

Þoka, Læða, Birta, Baga

eftir hinum hænunum

hægt úr skúrnum vaga.

Verðmæti lífsins

Þeir sjá ei sólina rísa
er síðla úr bólinu læðast
og fara á mis við fögnuð þann
að finna er hrjóstrin klæðast.

Ei finna þeir fannirnar eyðast
í fjallanna bröttu hlíðum
er tókst ei að vernda vorhug sinn
í vetrarins nöpru hríðum.

Þeir hafna hrífandi krafti
þá heilögu verðmætin græðast
er hjallanum neðsta hörfa frá
og hata að lýjast og mæðast.



En hugsjónir frjálsar og fagrar
fæðast í þeirra hjörtum
er miðaði áfram að markinu lengst
móti himninum björtum.